

Inngangur

Víða um Evrópu hafa stjórnvöld verið hvött til að auka hlut nýsköpunar- og frumkvöðlamenntunar með því að auka sköpun og nýsköpun og mæta þannig þörfum vinnumarkaðar í framtíðinni. Með því að einblína meira á lausnarleitarnám, t.d. að læra með því að framkvæma og að skapa sem raunverulegastar aðstæður, er hægt að stuðla að því að skapa starfsfólk sem er lausnarmiðað, skapandi og breytir hugmyndum í starfsframa.

Það hefur reynst ákveðin áskorun á undanförunum árum að samtvinna frumkvöðlahugsun inn í menntun en fleiri og fleiri hagaðilar (stjórnvöld, skólar, kennarar o.fl.) hafa séð kosti þess og aukið áherslur í þessa átt. Mikil tækniþróun hefur líka skapað kennurum tæki og tól til að mæta þörfum barna sem búa við síbreytilegt umhverfi og aukið þannig möguleika á fjölbreyttum kennsluháttum.

Þetta skjal er svokallað hæfnivísir kennara í átt að aukinni nýsköpunar- og frumkvöðlamenntunar til að auka hæfni þeirra til að kenna nemendum framtíðarinnar. Hæfnivísirinn ætti að hjálpa kennurum að auka hæfni og færni nemenda til að standast kröfur framtíðarinnar og stuðla að bættri framleiðni og vexti samfélaga til lengri tíma.

Hæfnivísirinn var þróaður út frá punktum um góða starfshætti í „Thematic Working Group on Entrepreneurship Education 2014“ og OECD EU 360 Project. Jafnframt voru nýttar ábendingar frá kennurum í tækniþróun CRISTAL verkefnisins.

Hæfni kennara í nýsköpunar- og frumkvöðlamennt

Sá hæfnilisti sem hér er settur fram lýsir þeim einkennum sem gætu stuðlað að aukinni frumkvöðlahugsun í skólalstarfi. Aukinn hlutur nýsköpunar- og frumkvöðlamenntunar gæti leitt til aukið sjálfstraust og ánægju við störf þar sem áhersla er á sveigjanleika.

Kennsluaðferðir er hægt skilgreina á ýmsa vegu en í þessum hæfnivísi er stuðst við: að veita nemendum þekkingu, hæfni og færni framtíðarinnar. Algengustu kennsluaðferðirnar innihalda verkefni fyrir nemendur en áherslan í nýsköpunar- og frumkvöðlamennt eru á lausnarleitarnám. Sú aðferð inniheldur hnitmiðaðar spurningar, frammistöðumat þar sem fjölbreyttar lausnir eru í boði og samþykktar. Nemendur nýta fjölbreytt úrræði til náms og taka ábyrgð á eigin námi í ríkari mæli.

Nýsköpunar- og frumkvöðlakennsla getur kallað á breyttar venjur, nýjan hugsunarmáta og fjölbreytt úrræði til að nýta í kennslu.

Frekari upplýsingar um leiðir í nýsköpunar- og frumkvöðlamennt

- Kennsluleiðir
- Matsaðferðir
- CRISTAL skýrsla

Einkenni frumkvöðlakennarans

